

# AÐALFUNDUR 2012



Ávarp stjórnarformanns  
Skýrsla stjórnar  
Fjármál





*Árni Steinar Jóhannsson, formaður stjórnar RARIK*



Ingibjörg Sigmundsdóttir, varaformaður



Huld Aðalbjarnardóttir, ritari



Hilmar Gunnlaugsson, meðstjórnandi



Valdimar Guðmannsson, meðstjórnandi

Árni Steinar Jóhannsson  
formaður stjórnar RARIK

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Fulltrúi hluthafa, stjórn og starfsmenn RARIK ohf., aðrir gestir. Ég býð ykkur velkomin á þennan 6. aðalfund RARIK ohf. Ég ætla að fara í fáum orðum yfir liðið starfsár en síðan mun forstjóri RARIK ohf., Tryggvi Þór Haraldsson, fara yfir einstaka liði í starfsemi fyrirtækisins á liðnu ári.

Á aðalfundi RARIK ohf. sem haldinn var í Hveragerði þann 25. mars 2011 voru auk mín þau Ingibjörg Sigmundsdóttir, Huld Aðalbjarnardóttir, Hilmar Gunnlaugsson og Valdimar Guðmannsson kjörin í stjórn RARIK ohf. Stjórnin hélt alls 13 bókaða fundi á árinu.

Rekstur RARIK samstæðunnar á árinu 2011 gekk vel og í samræmi við áætlanir. Þá voru fjárfestingar á árinu í samræmi við þá endurnýjunar- og viðhaldsþörf, sem talin er nauðsynleg á næstu áratugum svo tryggja megi að öryggi dreifikerfisins sé viðunandi.

Rekstraráætlanir ársins gerðu ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í rekstri, en dregið var nokkuð úr þeim mikla niðurskurði sem farið var í á árunum 2009 og 2010 sem m.a. fólst í að fjölmörgum viðhalds- og endurnýjunarverkefnum við dreifikerfið var frestað. Ljóst er að þær aðgerðir sem gripið var til strax í ársbyrjun 2009, m.a. vegna mikils fjármagnskostnaðar á árinu 2008 og yfirvofandi gjaldfellingu lána við erlenda lánardrottna, hafa nú skilað sér í stöðugri rekstri. Í þeim aðgerðum varð ekki komist hjá gjaldskrárhækkunum og þurftu viðskiptavinir að sætta sig við hækkun gjaldskrár, m.a. vegna raforkudreifingar. Gjaldskrá RARIK til dreifingar hækkaði um 8,3% í ársbyrjun 2011.

Ekki var þörf á nýrri fjármögnun á árinu, en fyrirtækið þurfti að sníða fjárfestingar og hefðbundinn rekstur að þeim fjárhæðum sem fást út úr rekstri félagsins. Gjaldskrár og nauðsynlegar fjárfestingar vegna endurnýjunar og viðhalds kerfisins munu á næstu árum taka mið af þeim skyldum sem fyrirtækið hefur varðandi rekstraröryggi og afhendingargæði.

Ný verkefni sem fyrirtækið tekur að sér, verða að standa undir sér og þarf að fjármagna sérstaklega. Árslok var skrifað undir samning um hitaveitu til Skagastrandar sem er ánægjulegt samstarfsverkefni með sveitarfélaginu Skagaströnd og hefur verið lengi í undirbúningi. Sérstaða þess er að RARIK mun eiga og reka veituna að framkvæmdum loknum, en sveitarfélagið leggur til umtalsverða fjármuni inn í verkefnið. Fara þarf í sérstaka fjármögnun vegna þessa verkefnis á árinu 2012.

Afhendingaröryggi á orku er einn mikilvægasti þátturinn í innviðum samfélagsins og lykill að framförum og þróun. Þess vegna verður að sjá til þess að vinna



við uppbyggingu og endurnýjun dreifikerfisins, sem er gríðarlegt verkefni, gangi eðlilega fyrir sig. Jafnframt þarf að sjá til þess orkan verði seld á eins hagstæðu verði og mögulegt er.

Lengd háspennukerfis RARIK í dreifbýli er tuttugu sinnum meira en í þéttbýli. Þá er dreifikerfið í þéttbýli allt komið í jarðstrengi, en meirihluti kerfisins í dreifbýli er enn í loftlínum, sem verða fyrir meiri rekstrartruflunum en jarðstrengir og eru því dýrari í rekstri. Orkumagnið í dreifbýli RARIK er jafnframt heldur minna en í þéttbýli.

Af þessum sökum er kostnaður af rekstri dreifikerfisins í dreifbýli umtalsvert meiri á hverja kílóvattstund en í þéttbýli. Þrátt fyrir þennan mikla kostnaðarmun var munur á meðalverði á raforkudreifingu milli þéttbýlis og dreifbýlis þó ekki nema um 35% á síðasta ári, enda hefur RARIK ekki nýtt sér þær tekjuheimildir sem það hefur skv. lögum í dreifbýli, en um síðustu áramót voru tekjuheimildir í þéttbýli nánast fullnýttar.

Á næstu misserum má búast við að fyrirtækið verði að nýta þessar heimildir í ríkari mæli og dreifkostnaður hjá þeim tiltölulega fámenna hópi íbúa í dreifbýli og á köldum svæðum muni aukast miðað við aðra íbúa á veitusvæðum RARIK.

Nauðsynlegt er því að hefja af fullri alvöru umræðu um fyrirkomulag til jöfnunar á raforkukostnaði. Á það jafnt við um verðjöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis og niðurgreiðslur til rafhitunar á köldum svæðum. Heimild er í lögum til að niðurgreiða rafhitun og að verðjafna milli

dreifbýlis og þéttbýlis, en þær heimildir hafa ekki verið nýttar sem skyldi. Knýjandi þörf er á að þessu verði breytt.

Frá því farið var af stað með núverandi fyrirkomulag raforkumála á árinu 2005 hefur verðjöfnun til dreifbýlisins dregist saman, þrátt fyrir verðlagsbreytingar. Ég hef áður nefnt að vel komi til álita að mínu mati að verja hluta af þeim tekjum sem ríkissjóður aflar nú í formi orkuskatta, sem lagðir hafa verið á raforku og heitt vatn, til þess að jafna raforkuverð í landinu. Til að ná fullkominni verðjöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis þarf um einn milljarð króna á ári. Það er talsvert lægri upphæð en sem nemur tekjum af orkuskatti í ár.

Frá því að verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar skilaði röðun sinni hefur verkefnið verið til umfjöllunar stjórnvalda.

Mikilvægt er að þeirri vinnu ljúki sem fyrst. Þegar farið var af stað með vinnu við rammaáætlun var lagt upp með að náttúruvernd fengi verulega meira vægi en verið hefur við mat á virkjunarkostum. Ef vikið er frá faglegri vinnu verkefnisstjórnarinnar og verulegar breytingar gerðar á röðun einstakra kosta er hætt við að ekki náist sátt um málaflökkinn.

Verði niðurstaðan í samræmi við tillögu verkefnisstjórnarinnar er þó ljóst að möguleikar RARIK og Orkusölnunar verða mjög takmarkaðir þar sem rannsóknir

á vegum fyrirtækjanna hafa beinst að verkefnum sem samkvæmt áætluninni lenda annað hvort í biðflokki eða friðunarflokki.

Varðandi Hólmsárvirkjun við Atley kemur það á óvart að hún skuli lenda í biðflokki, í ljósi þess hve virkjunarkostur í Hólmsá við Hólmsárlón kom vel út í fyrsta hluta rammaáætlunar og hve mikið hefur verið gert til að minnka umhverfisáhrif með því að velja virkjuninni stað við Atley.

Góðir fundarmenn. Enn sem fyrr þökkum við starfsmönnum RARIK fyrir fórnfús störf í þágu fyrirtækisins. Við gerum okkur öll grein fyrir því, að velgengni fyrirtækisins á sínar styrku stoðir í þeim mannaúði sem RARIK býr yfir.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka meðstjórnarmönnum mínum, forstjóra og öðrum starfsmönnum fyrirtækisins kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári. Um allar ákvarðanir ríkti algjör einhugur með stjórn og forstjóra sem ég tel hafa verið lykilinn að þeim árangri sem náðst hefur og að fyrirtækið stendur traust.

Að svo mæltu segi ég þennan 6. aðalfund RARIK settan og tilnefni Lárus L. Blöndal sem fundarstjóra og Ólaf Hilmar Sverrisson fundarritara.



Tryggvi Þór Haraldson  
forstjóri RARIK

## SKÝRSLA STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Fundarstjóri, fulltrúi eiganda, ágætu fundarmenn. Ég býð ykkur velkomin á 6. aðalfund RARIK ohf. Aðalfundur RARIK er nú haldinn hér í Reykjavík, en var á árinu 2011 haldinn í Hveragerði þann 25. mars.

Á fundinum var stjórn fyrirtækisins kosin en hana skipa Árni Steinar Jóhannsson, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Valdimar Guðmannsson. Stjórnin skipti með sér verkum og var Árni Steinar kjörinn formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir varaformaður og Huld Aðalbjarnardóttir ritari.

Stjórnin hefur frá síðasta aðalfundi haldið 13 bókaða stjórnarfundum.

Rekstur RARIK samstæðunnar á árinu 2011 var í samræmi við áætlanir og gekk ágætlega eins og niðurstaða ársreiknings ber með sér. Fjármagnsgjöld reyndust þó hærri en búist var við, einkum vegna meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir, en á móti voru tekjur af heimtaugum RARIK heldur meiri en áætlað var.

Rekstraráætlanir ársins gerðu ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í rekstri, en dregið var nokkuð úr þeim mikla niðurskurði sem farið var í á árunum 2009 og 2010 sem m.a. fólst í frestun á fjölmörgum viðhalds- og endurnýjunarverkefnum við dreifikerfið. Rekstur og fjárfestingar á árinu 2011 voru að mestu í samræmi við þá viðhalds- og endurnýjunarþörf, sem talin er nauðsynleg á næstu áratugum, svo tryggja megi viðunandi öryggi dreifikerfisins.

Ekki var þörf fyrir fjármögnun vegna reksturs eða fjárfestinga á árinu. Á næstu fjórum árum er ekki áætlað að fjármagna þurfi RARIK, nema vegna nýrra verkefna svo sem hitaveitu til Skagastrandar, byggingu virkjana, eða veitukaupa. Rekstur samstæðunnar og öll helstu verkefni ársins gangu vel og voru í samræmi við áætlanir.

### AFKOMA ÁRSINS

Rekstrarhagnaður af starfsemi samstæðunnar á árinu 2011 (EBIT) var 2.221 milljón króna sem er betri niðurstaða en árin 2009 og 2010. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var á árinu 32,7% sem hlutfall af veltu eða 3.520 milljónir króna. Þetta er svipuð niðurstaða og árin 2009 og 2010 en umtalsvert betri árangur en árin 2007 og 2008.

Ég mun fara nánar yfir afkomu ársins undir næsta dagskrárlið.



### REKSTURINN Á ÁRINU 2011

Framkvæmdir við uppbyggingu, endurnýjun og styrkingu rafdreifikerfis RARIK voru heldur meiri á árinu en undanfarin tvö ár. Umsóknir um nýjar heimtaugar voru ennfremur fleiri en búist var við og voru flestar í sumarhúsabyggðum á Suður- og Vesturlandi, eins og undanfarin ár.

Fjárfestingar á árinu voru alls 1.940 milljónir króna, þar af 1.116 milljónir vegna dreifikerfisins og 510 milljónir vegna stofnkerfis og endurnýjunar orkumæla. Langstærsti hluti þess fjármagns sem veitt var til nýlagna, endurnýjunar og styrkingar dreifikerfisins fór til verkefna í dreifibýli, eða alls 947 milljónir.

Eins og undanfarin ár var öll endurnýjun línukerfisins í formi þriggja fasa jarðstrengja og voru lagðir 190 km í dreifikerfinu á árinu og lagðar 465 nýjar heimtaugar. Hlutfall jarðstrengja í raforkudreifikerfi í strjálbýli fer vaxandi og er nú orðið um 43%.

Stærstu verkefni í stofnkerfinu voru lagning 33 kV háspennustrengs frá Kópaskeri áleiðis til Raufarhafnar, alls 19 km, ásamt endurbyggingu dísilstöðvarhúss á Raufarhöfn. Í dreifikerfi í dreifibýli var m.a. unnið að endurnýjun og styrkingu dreifikerfa í Borgarfirði og bætt við nýjum 10 MVA spennu í aðveitustöð á Vatnshömrum. Á Norðurlandi voru endurnýjaðar línur í Skagafirði, á Svalbarðsströnd, yfir Fljótsheiði og á Þingeyrasandi, ásamt endurnýjun á rofastöð við Sveinsstaði.



Á Austurlandi var unnið að strenglögnum í Skriðdal og stofnlögnum í sumarhúsaðverfi sunnan Egilsstaða, auk endurnýjunar á spennu í aðveitustöðinni á Hólum í Hornafirði. Á Suðurlandi voru settir upp millispennar fyrir eins vírs línur í Meðallandi, Skaftártungu, Álftaveri og Álftagróf í Mýrdal til að minnka jarðstrauma og endurnýjaðar línur í Fljótshlíð, í Bláskógabyggð ofan Geysis og í Landsveit.

Í dreifkerfi þéttbýlis var unnið að breytingum á 6 kV kerfum yfir í 19 og 11 kV kerfi í Borgarnesi, á Siglufirði og á Húsavík. Þá var unnið að því að auka afhendingaröryggi í Hveragerði með hringtengingu háspennukerfisins. Auk framangreindra verkefna var unnið að fjölmörgum smærri verkefnum við lagfæringar og endurnýjun dreifikerfisins, auk viðbóta vegna nýrra viðskiptavina.

Lokið var endurnýjun allra hita- og rafmagnsmæla á Siglufirði og Blönduósi, en verkið hófst á árinu 2010. Settir voru upp rafeindamælar og komið á rafrænum fjarálestri allra mæla. Viðskiptavinir þessara bæjarfélaga fá nú sína mánaðarlegu reikninga samkvæmt raunálestri.

Þá urðu þau tímamót að 1. júní 2011 hlaut RARIK vottun Neytendastofu, sem heimilar RARIK að nota innra eftirlit í stað löggildinga á orkusölumælum, í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum.

Truflanir í dreifikerfum RARIK voru með minna móti á árinu og tjón óverulegt, en ljóst er að aukin strengvæðing háspennukerfisins, sem nú hefur náð 43%, er farin að hafa veruleg áhrif til fækkunar á fyrirvaralausum truflunum.

Fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfi háspennu voru 388 á síðasta ári, flestar vegna veðurs og áverka af völdum áflugs fugla á loftlínur. Truflanir í háspennukerfinu urðu þó nokkuð fleiri en árið á undan, þegar þær voru í sögulegu lágmarki.

Nær allt lágspennukerfið er í jarðstrengjum, og er því lítið háð veðráttu, en helstu bilanir má rekja til vinnuvéla. Truflunum í lágspennukerfi vegna framkvæmda og farartækja hefur fækkað allra síðustu ár.

Áætluð orkuskerðing vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana í kerfi RARIK var um 172 MWh á árinu 2011, sem er heldur meira en meðaltal síðustu 10 ára.

Truflanir í dreifikerfum RARIK árið 2011 voru yfirleitt minniháttar og snertu tiltölulega fáa viðskiptavini í hverju tilfalli. Tvær alvarlegar truflanir urðu þó, önnur í mars þegar spennir á Kópaskeri fyrir línuna til Raufarhafnar bilaði vegna skammhlaups í kjölfar áfoks á hann og hin í ágúst þegar aflrofi bilaði í Ólafsvík og í kjölfarið urðu truflanir í flutningskerfi Landsnets sem ollu straumleysi um Snæfellsnes og víðar.

Talsverðar endurbætur voru gerðar á rafskautakatli kyndistöðvarinnar á Seyðisfirði, m.a. á öryggis- og stýrilögnum ketilsins. Þá varð bilun í vara borholu á virkjunarsvæðinu að Reykjum sem þjónar Blönduósi og einnig í dælubúnaði í aðalholu virkjunarsvæðis hitaveitunnar í Skútudal í Siglufirði. Á báðum stöðum þurfti m.a. að skipta um dælur.

Í byrjun júlí varð hlaup í Múlakvísl sem tók af brúna og 19 kV línu sem liggur milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs

rétt neðan brúar. Búið var að aftengja línuna áður en hún féll, þannig að engin truflun varð hjá viðskiptavinum vegna þessa atviks. Í stað línunnar var lagður háspennustrengur um bráðabirgðabru sem Vegagerðin byggði.

Eldgos í Grímsvötnum olli engum truflunum á raforku- afhendingu, en þrifa þurfti spennistöðvar og götuskápa að gosinu loknu. Á árinu var lokið við viðbragðsáætlanir fyrir hugsanleg eldgos í Kötlu og Heklu.

Lokið var við virkjun borholu í Skarðsdal á Siglufirði sem boruð var á árinu 2010 og lagningu nýrrar aðveituæðar frá henni. Byggt var nýtt lokuhús við jöfnunartank í bænum og báðar aðveituæðar hitaveitunnar, sú eldri frá Skútudal og sú nýja frá Skarðsdal, voru tengdar í lokuhúsið.

Með þessum framkvæmdum er hitaveitan á Siglufirði nú með tvær aðskildar aðveituæðar frá sitt hvoru jarðhitasvæðinu. Hvort svæðið um sig getur annað þörf bæjarins að fullu í nokkra mánuði. Rekstraröryggi hitaveitunnar er því orðið með því besta sem þekkt og afhendingargetan hefur stóraukist frá því sem áður var. Með þessum framkvæmdum lauk miklum framkvæmdakafli á Siglufirði sem staðið hefur yfir í nokkur ár, bæði varðandi endurnýjun og aukningu á afkastagetu rafdreifikerfisins og hitaveitunnar.

Í árslok var skrifað undir samning við Sveitarfélagið Skagaströnd um hitaveitu til Skagastrandar, en viðræður um hana höfðu staðið yfir frá 2005. Við efnahagshrunið var verkefnið sett í biðstöðu þar sem fjármögnun verkefnisins fór í uppnám og forsendubrestur varð í arðsemi.

Árið 2011 hófust viðræður aftur af krafti og í september var undirritað samkomulag aðila um fjármögnun verkefnisins, með fyrirvörum um fjármögnun og niðurstöðu í efnisútboði. Ljóst var að endurnýja þurfti stofnlögn hitaveitunnar á Blönduósi sem RARIK á og rekur, en val á gildleika hennar réði því hvort mögulegt væri að tengja Skagaströnd við hitaveituna.

Í samningnum sem undirritaður var 30. desember er gert ráð fyrir að stofnæðin frá Reykjum til Blönduóss verði endurnýjuð árið 2012, en vinna við stofnlögn til Skagastrandar og dreifikerfi þar hefjist 2013 og verði að fullu lokið árið 2014. Sveitarfélagið Skagaströnd kemur með 260 milljóna króna stofnframlag inn í verkefnið, en að verkinu loknu mun RARIK eiga og reka veituna, sem verður sameinuð hitaveitunni til Blönduóss.

Í upphafi árs 2011 var útliti rafmagns- og hitaveitu- reikninga RARIK og reikningum Orkusölnunnar breytt. Útlitsbreytingin á við alla reikninga, hvort heldur er á prentuðu formi eða í birtingu á viðskiptavef, þar sem allir viðskiptavinir hafa aðgang að reikningum sínum. Samhliða eru reikningarnir nú allir gerðir samkvæmt stöðluðu formi og eru tilbúnir til rafrænnar útsendingar til fyrirtækja sem kjósa að fá þá á því formi. Ætla má að á komandi árum verði slík miðlun reikninga ennþá algengari hjá stærri fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum.

## STARFSEMI DÓTTURFÉLAGA

Í samstæðu RARIK eru nú 3 dótturfélög; Orkusalan ehf., RARIK Orkuþróun ehf. (RED) og Ljós- og gagnaleiðari ehf. (LoG).

Rekstur Orkusölnunnar á sínu fimmta starfsári gekk vel og í samræmi við áætlanir, en hagnaður í árslok var 123 milljónir króna. Lítillsháttar aukning varð í raforkusölu frá fyrra ári, eða 2,7% í sölu á forgangsortu og 8% í ótryggðri orku. Jafnframt varð aukning í eigin framleiðslu sem samsvarar um 1,8% frá fyrra ári og hefur hún jafnframt aldrei verið meiri, en eigin framleiðsla Orkusölnunnar var um 30% af forgangsortumarkaði hennar á árinu. Orkusalan hækkaði verð á forgangsortu um 2,8% þann 1. júlí og ótryggðri orku um 0,47% í upphafi árs og aftur um 9% þann 1. september. Hækkunarir voru allar í samræmi við hækkun Landsvirkjunar á heildsöluverði.

Orkusalan á og rekur 5 virkjanir og tók í ársbyrjun auk þess við undirbúningsrannsóknnum vegna Hólmsár- virkjunar af RARIK Orkuþróun, sem fram að því vann að þeim undirbúningi. Vegna óvissu um niðurstöðu rammaáætlunar og hvort virkjunin lendir í biðflokki eða nýtingarflokki var ákveðið að gjaldfæra allan rannsóknarkostnað á árinu.

Undirbúningur vegna endurnýjunar og stækkunar Rjúkandavirkjunar hélt áfram á árinu og er reiknað með að framkvæmdir við stækkunina verði á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði tvöfaldað og verði um 1,8 MW eftir stækkun. Þá var áfram unnið að undirbúningi endurnýjunar Grímsárvirkjunar.

Engar stórvægilegar bilanir urðu á árinu í virkjunum Orkusölnunnar, litlar truflanir á rekstri og einungis minniháttar framkvæmdir voru í virkjunum. Starfsmenn Orkusölnunnar voru 13 í árslok.

Rekstur RARIK Orkuþróunar (RED) á fjórða starfs- ári sínu var í samræmi við áætlanir. Unnið var að undirbúningsrannsóknnum vegna Hólmsárvirkjunar fyrir Orkusölnuna, en það verkefni var selt til Orkusölnunnar í árslok 2010. RED eignaðist öll hlutabréf í Sunnlenskri orku ehf. á árinu, en rannsóknarleyfi vegna virkjana í Grændal sem fékkst á vormánuðum, var skilað aftur inn til Orkustofnunar í árslok í ljósi tillagna í drögum að rammaáætlun. Erlendum verkefnum hefur verið haldið í lágmarki. Hjá RED er einn starfsmaður.

Dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari ehf. sem RARIK stofnaði á árinu 2009 leigir út hluta af ljósleiðara sem félagið á í Öræfum, en að öðru leyti er ekki um eiginlegan rekstur að ræða og enginn starfsmaður er hjá félaginu.

## STARFSMANNAMÁL

Starfsmönnum RARIK samstæðunnar fækkaði um þrjá á árinu 2011, en starfsmönnum hefur fækkað talsvert á undanförunum árum af ýmsum ástæðum. Ljóst er að á næstu árum munu margir starfsmenn hætta sökum aldurs og er því mikilvægt að bregðast við því. Í kjölfar efnahagskreppunnar hefur ekki verið ráðið í stað þeirra

sem hættu, en nú þegar horfið hefur verið frá þeim mikla niðurskurði í rekstri og fjárfestingum sem nauðsynlegur var, verður að huga að endurnýjun, áður en mikilvæg reynsla tapast.

Á árinu var gengið frá kjarasamningum við stéttarfélag starfsmanna og voru kjarabreytingar í samræmi við aðra gerða samninga á vinnumarkaðinum. Samningar sem gerðir voru við starfsmenn snemma árs 2009, um skerðingu á yfirvinnu og heildartekjum og voru síðan framlengdir á árinu 2010, runnu út á árinu og voru ekki endurnýjaðir.

Ástæða er til að þakka starfsmönnum fyrir góðan árangur í rekstri fyrirtækisins á árinu og þátttöku þeirra við að halda rekstrarkostnaði niðri undanfarin ár.

Haldnir voru fundir með starfsmönnum í öllum landshlutum undir yfirskriftinni *Öryggi og verklag* þar sem farið var yfir helstu mál, svo sem endurskoðaða Stöðlunarhandbók 2011, endurskoðaða Jarðstrengshandbók, nýjar útgáfur á verklagsreglum auk þess sem önnur nauðsynleg mál voru áréttuð. Sjö ný Kastljós voru gefin út á árinu. Kastljósin eru til að vekja athygli manna á hættulegum atvikum sem upp hafa komið í starfi, gerð er grein fyrir þeim og hvað ber að varast við sambærilegar aðstæður.

Á árinu var unnið að hefðbundnum uppfærslum verklagsreglna í handbók RARIK og nýjar verklagsreglur gefnar út. Bætt var inn sérstökum viðbragðsáætlunum vegna mögulegra eldgosa í Heklu og Kötlu í viðbragðsáætlun Neyðarstjórnar RARIK.

Boðið var upp á heilsufarsmælingu fyrir alla starfsmenn í umsjón fagaðila úr heilbrigðisgeiranum og er gert ráð fyrir að reglulega verði boðið upp á slíkar mælingar, auk þess hefur fyrirtækið stutt starfsmenn í heilsurækt þeirra.

Félagsstarf var með hefðbundnum hætti hjá starfsfólki RARIK á árinu 2011. Golfmót voru haldin, glæsileg sameiginleg árhátíð allra starfsmanna og önnur mannamót. Þá tóku starfsmenn RARIK þátt í átaksverkefnum ÍSÍ: *Hjólað í vinnuna* og *Lífshlaupinu*, eins og undanfarin ár.

Starfsmenn RARIK voru 187 í árslok og starfsmenn dótturfélaga 14, eða alls 201 hjá samstæðunni, en voru 204 árið áður.

### VAXANDI MUNUR Á RAFORKUVERÐI Í ÞÉTTBÝLI OG DREIFBÝLI

Eins og fram kemur í ávarpi stjórnarformanns er vaxandi munur á raforkuverði í þéttbýli og dreifbýli. Dreifikerfi RARIK í dreifbýli er margfalt stærra en í þéttbýli, þannig er umfang háspennukerfisins um 20 sinnum meira í dreifbýlinu og fjöldi spennistöðva nærri tífaldur. Seld orka í dreifbýlinu er hins vegar heldur minni en í þéttbýlinu.

Þá er dreifikerfið í þéttbýlinu allt í jarðstrengjum, en meirihluti kerfisins í dreifbýli er enn í loftlínunum, sem

verða fyrir meiri rekstrartruflunum og eru því dýrari í rekstri en jarðstrengir. Af þessum sökum er kostnaður af rekstri dreifikerfisins í dreifbýli umtalsvert meiri á hverja kílóvattstund en í þéttbýli.

Raforkulög heimila dreifiveitum að vera með sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli og aðra fyrir þéttbýli, að uppfylltum vissum skilyrðum. RARIK valdi þessa leið við innleiðingu laganna árið 2005 og er því skylt að aðgreina allar tekjur og kostnað af dreifingu í dreifbýli frá tekjum og kostnaði við dreifingu í þéttbýli. Hins vegar er heimilt, skv. lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, að verðjafna þennan mun með beinum hætti á fjárlögum, allt að verði hjá dýrustu þéttbýlisveitu.

Á árinu 2005 var á fjárlögum varið í þessa verðjöfnun 230 milljónum, sem samsvaraði um 63 aurum á hverja kílóvattstund hjá RARIK. Þrátt fyrir verðlagshækkunar hefur framlagið lítið breyst og var á árinu 2011 alls 245 milljónir sem dugði til að verðjafna um 55 aura á hverja kílóvattstund hjá RARIK. Á sama tíma hafa skattar á raforku verið auknir.

Vegna aukins verðmunar á raforku í þéttbýli og dreifbýli hefur RARIK haldið aftur af gjaldskrárhækkunum í dreifbýli og hingað til ekki nýtt þær tekjuheimildir sem fyrirtækið hefur.

Dreifingarkostnaður í dreifbýli hjá RARIK var á árinu 2011 að meðaltali um 35% hærri en í þéttbýli, en ljóst er að sá munur mun aukast á næstu misserum, nema til komi auknar fjárveitingar til verðjöfnunar. Til að verðjafna á milli dreifbýlis og þéttbýlis þyrfti nú um 1 milljarð króna á ári.


Mjög víða í dreifbýlinu er uppi rík krafa um þrífösun. Dreifikerfi RARIK er rúmlega 8 þúsund km, þar af eru 43% þess nú í þriggja fasa jarðstrengjum. Loftlínukerfið er tæpir 5 þúsund km og meðalaldur þess yfir 40 ár, þar af rúmum 3 þúsund km í einfasa línunum. Endurnýjun rafdreifikerfis í sveitum, sem á sínum tíma var byggt upp með sérstöku fjármagni af fjárlögum, er nú alfarið á ábyrgð RARIK og verður fyrirtækið að hafa hagnað af starfsemi sinni eða taka lán til að standa undir henni.

Á árunum frá 2002 til 2008 lagði RARIK á milli 200 og 300 km á ári af nýjum jarðstrengjum, aðallega vegna endurnýjunar loftlínukerfisins. Í kjölfar bankakreppu var dregið úr fjárfestingum tímabundið. Til að endurnýja loftlínukerfið á næstu 25 árum þarf RARIK að fjárfesta árlega í stofn- og dreifikerfinu fyrir 2 til 2,5 milljarða á verðlagi í dag. Vegna aldurs kerfisins er stór hluti þess mikið afskrifaður og eru árlegar afskriftir RARIK nú 1,2 milljarðar, eða um helmingur af árlegri fjárfestingapörf.


Hagnaður af starfsemi RARIK þarf því að vera að lágmarki rúmur milljarður á ári til að geta sinnt endurnýjun kerfisins. Endurnýjuninni er forgangsraðað í samræmi við flutningsgetu, aldur og ástand kerfisins, en haldið hefur verið aftur af verkefnum sem ekki falla að þeim áætlunum.



### Þróun dreifbýlisframlags að raungildi



### Þróun niðurgreiðsla að raungildi



## RAMMAÁÆTLUN

Frá því að verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar skilaði röðun sinni hefur verkefnið farið í opið umsagnarferli og er nú til umfjöllunar hjá stjórnvöldum. Eins og fram kemur í ávarpi stjórnarformanns er mikilvægt að þeirri vinnu ljúki sem fyrst. Ef vikið er frá faglegri vinnu verkefnisstjórnarinnar og verulegar breytingar gerðar á röðun einstakra kosta er hætt við að ekki náist sátt um niðurstöðuna eða málaflokkinn í heild.

Þrátt fyrir að farið yrði að fullu eftir tillögum verkefnisstjórnarinnar er ljóst að möguleikar RARIK og Orkusölnunnar á að fá virkjunarkost í nýtingarflokk eru mjög takmarkaðir. Öll verkefni sem unnið hefur verið að innan samstæðunnar lenda annað hvort í biðflokki eða verndarflokki. Það á við um Grændal sem lendir í verndarflokki, Ölfusdal sem lendir í biðflokki, Héraðsvötn sem lenda í biðflokki og loks Hólmsá sem lendir í biðflokki, þrátt fyrir góða útkomu í fyrsta hluta rammaáætlunar og aðgerðir sem farið hefur verið í til að draga úr umhverfisáhrifum frá þeim tillögum.

## GÓÐIR FUNDARMENN

Rekstur og efnahagur RARIK er traustur og horfur í rekstri RARIK á árinu 2012 eru ágætar. Í áætlunum ársins 2012 er gert ráð fyrir hagnaði af rekstri félagsins, sem

nauðsynlegur er til að anna langtíma fjárfestingaþörf í dreifikerfinu. Áætlanir um jákvæða afkomu á næstu árum eru þó auðvitað háðar ákveðinni óvissu, ekki síst um hver þróun efnahagsmála verður hér á landi næstu misserin.

Gert er ráð fyrir aukningu í fjárfestingum í dreifikerfum frá fyrra ári, en frá árinu 2008 hefur fjárfestingum verið frestað og skorið niður í rekstri vegna stöðu efnahagsmála, einkum á árunum 2009 og 2010. Til viðbótar hefðbundinni endurnýjun í dreifikerfinu verður í ár ráðist í nýtt verkefni við hitaveitu til Skagastrandar.

RARIK hefur á undanförunum árum ekki nýtt sér þær tekjuheimildir í dreifbýli sem fyrirtækið hefur skv. raforkulögum, á meðan heimildir eru nú að fullu nýttar í þéttbýli. Gera má ráð fyrir að á næstu misserum muni koma til aukinn munur á gjaldskráum í dreifbýli og þéttbýli, ef ekki verður aukið fjármagn til verðjöfnunar í dreifbýli á fjárlögum.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum RARIK og dótturfélaga fyrir frábært starf á árinu 2011, samheldni þeirra og samstöðu með fyrirtækinu. Þá vil ég þakka stjórn RARIK fyrir mjög ánægjulegt samstarf, samstöðu hennar í öllum ákvörðunum og nauðsynlegt aðhald sem hún hefur sýnt okkur starfsmönnum.

## REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR RARIK 2011

Rekstrarhagnaður ársins 2011 (EBIT) var 2.221 milljón króna sem er betri niðurstaða en árin 2009 og 2010. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var á árinu 32,7% sem hlutfall af veltu eða 3.520 milljónir króna. Þetta er svipuð niðurstaða og árin 2009 og 2010 en umtalsvert betri árangur en árin 2007 og 2008.

Gjaldskrá RARIK fyrir dreifingu hækkaði um 8,3% í byrjun ársins. Þá hækkuðu gjaldskrár hitaveitna RARIK um 9% frá 1. júlí. Þrátt fyrir hækkun á verðskrá dreifingar er RARIK ekki að fullnýta þær tekjuheimildir sem fyrirtækið hefur samkvæmt ákvæðum raforkulaga og mun þurfa að hækka gjaldskrá umfram verðlagshækkunar á næstu árum til þess að tekjuheimildir falli ekki niður á árinu 2020, eftir breytingu sem gerð var á raforkulögum á árinu 2011. Á það sérstaklega við um dreifbýlisgjaldskrá sem nú þegar er um 35% hærrí en gjaldskrá dreifingar í þéttbýli.

Orkusalan hækkaði verð á forgangsortu um 2,8% þann 1. júlí en hækkunin er sú sama og hækkun Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusölnnar. Talsverðar sviptingar urðu á markaði með ótryggða orku undir árslok 2011. Ekki er gert ráð fyrir að sá samdráttur sem fyrirsjáanlegur er í sölu á ótryggðri orku á árinu 2012 hafi áhrif til lækkunar á heildarafkomu RARIK samstæðunnar á árinu 2012.

Rekstrartekjur samstæðunnar voru á árinu 10.768 milljónir króna sem er aukning um 11% frá fyrra ári. Rekstrargjöldin voru 8.547 milljónir króna sem er 8% hækkun frá fyrra ári. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur ársins voru 1.233 milljónir króna sem er tæplega 8% af vaxtaberandi skuldum í upphafi ársins.

Rekstrarniðurstaða, fyrir áhrif hlutdeildarfélags og skatta, er jákvæð sem nemur um 988 milljónum króna samanborið við 1.843 milljónir árið 2010 og er það breyting í fjármagnsliðum sem einkum skýrir þennan mun, en fjármagnsliðir voru í heild jákvæðir á árinu 2010.

Áhrif hlutdeildarfélagsins Landsnets eru jákvæð um 189 milljónir króna og hagnaður að teknu tilliti til tekjuskatts er 1.014 milljónir króna.

Greidd vaxtagjöld námu 623 milljónum króna og vaxtaþekja (EBITDA/greiddir vextir) var 5,65. Áhrif gengisbreytinga voru neikvæð um 210 milljónir króna.

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi voru 37.262 milljónir króna, skuldir í árslok voru 17.935 milljónir króna og eigið fé því 19.327 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 51,9%. Eigið fé RARIK hækkaði um 5,5% frá árinu 2010.

Ekki voru gerðar breytingar á mati eigna félagsins, til hækkunar, en ljóst að svigrúm til þess er til staðar og er gert ráð fyrir að árinu 2012 verði verðmæti eigna bæði í dreifingu og framleiðslu metið að nýju.

### FJÁRMÖGNUN

Ekki var þörf fyrir sérstaka fjármögnun vegna reksturs eða fjárfestinga á árinu 2011. Hlutfall erlendra skulda í árslok var rúmlega 22% af heildarskuldum félagsins og ef ekki verða tekin ný erlend lán verða þau að fullu greidd upp á árinu 2018. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að leita þurfi eftir lánsfjármagni, einkum vegna hitaveituframkvæmda, og verður það sótt á innanlandsmarkað.

### HORFUR Í REKSTRÍ ÁRIÐ 2012

Í rekstrarhorfum RARIK á árinu 2012 er gert ráð fyrir að niðurstaða ársins verði svipuð og á árinu 2011. Óvissa er eins og ávallt um hver endanleg niðurstaða verður og ræðst afkoman af almennri þróun í atvinnumálum, verðlagsþróun og gengi krónunnar. Í rekstraráætlun ársins 2012 er gert ráð fyrir hagnaði af rekstri félagsins. Áætlanir gera ráð fyrir að forgangsortusala og dreifing aukist, sem er í samræmi við þróun undanfarinna ára.

Að öðru leyti vísa ég til ársskýrslu og ársreiknings sem liggja frammi á fundinum.



## ÁRSREIKNINGUR RARIK

### FYRIR ÁRIÐ 2011

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður á árinu 1.014 milljónir króna en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 3.520 milljónir króna eða 32,7% af veltu tímabilsins og samanborið við 31,5% á árinu 2010. Handbært fé frá rekstri var 2.779 milljónir króna.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2011 var 2.221 milljónir króna sem rúmlega 24% aukning frá fyrra ári og í samræmi við áætlanir. Vegna veikingar krónunnar og verðlagsbreytinga varð niðurstaða fjármagnsliða neikvæð um tæpar 1.233 milljónir króna, en var á árinu 2010 jákvæð um 56 milljónir króna.

Rekstrartekjur hækkuðu um rúm 11% frá árinu 2010 og voru 10.768 milljónir króna, en rekstrargjöld hækkuðu um rúm 8% og voru 8.547 milljónir króna.

Fjármagnsgjöld á árinu 2011 voru eins og áður segir neikvæð um 1.233 milljónir króna sem má að stórum hluta rekja til verðbólgu og veikingar krónunnar.

Áhrif Landsnets, sem er hlutdeildarfélag RARIK, á afkomu ársins voru jákvæð um 189 milljónir króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir RARIK í árslok 37.262 milljónir króna, heildarskuldir námu 17.935 milljónum króna, eigið fé var 19.327 milljónir króna og eiginfjárhlutfall því 51,9% samanborið við 49,5% í árslok 2010.

Ársreikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

### HORFUR

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2012 eru ásættanlegar, en afkoman á næstu tímabilum ræðst hins vegar af almennri þróun efnahagsmála, verðlagsþróun og gengi krónunnar. Áætlanir ársins 2012 gera ráð fyrir hagnaði af rekstri félagsins í samræmi við langtíma fjárfestingaþörf í dreifkerfinu. Gjaldskrá fyrir dreifingu var hækkuð um áramótin og var hækkunin 7,5% í dreifbýli og 5% í þéttbýli. Ekki er gert ráð fyrir frekari hækkunum á árinu.

Gera má ráð fyrir að við næstu hækkun þurfi enn að auka þann mun sem er á gjaldskrá í dreifbýli og þéttbýli, enda hefur RARIK ekki nýtt sér að fullu tekjuheimildir í raforkulögum við gjaldskrárgerð. Á það einkum við um gjaldskrá í dreifbýli.

Vextir erlendra lána hafa verið hagstæðir undanfarin misseri og gert er ráð fyrir að þeir haldist sambærilegir út árið 2012.

Gert er ráð fyrir aukningu í fjárfestingum í dreifkerfum frá fyrra ári, en frá árinu 2008 hefur fjárfestingum verið frestað samhliða niðurskurði í rekstri félagsins vegna stöðu efnahagsmála, einkum á árunum 2009 og 2010. Til viðbótar hefðbundinni endurnýjun í dreifkerfinu verður í ár ráðist í nýtt verkefni við hitaveitu til Skagastrandar. Ekki er þörf á nýrri fjármögnun á næstu þremur árum vegna hefðbundinna fjárfestingaverkefna RARIK, þó er gert ráð fyrir sérstakri lántöku vegna hitaveituverkefnisins á árunum 2012 og 2013.

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að orkusala og dreifing aukist lítillega, sem er í samræmi við þróun síðustu ára.

Ársreikningur RARIK 2011 var samþykktur á fundi stjórnar þann 2. mars 2012 og heimilaði stjórn birtingu hans í Kauphöll.

### LYKILTÖLUR

ÚR ÁRSREIKNINGUM 2007-2011	2007	2008	2009	2010	2011
	mkr	mkr	mkr	mkr	mkr
Rekstrartekjur	7.436	7.830	8.703	9.694	10.768
Rekstrargjöld	6.947	6.851	6.973	7.907	8.547
Rekstrarhagnaður	489	979	1.731	1.787	2.221
Fjármunatekjur / fjármagnsgjöld	-544	-5.645	-1.804	56	-1.233
Áhrif hlutdeildarfélags	-178	-2.877	331	802	189
Hagnaður/tap fyrir skatta	-233	-7.543	257	2.646	1.177
Tekjuskattur	42	310	440	-127	-163
Hagnaður / Tap	-191	-7.232	697	2.518	1.014
Eignir samtals	26.442	31.923	35.663	37.032	37.262
Eigið fé	14.737	13.942	15.982	18.314	19.327
Skuldir	11.706	17.982	19.682	18.718	17.935
Handbært fé frá rekstri	885	1.150	1.847	2.067	2.779
Greidd vaxtagjöld	409	901	749	842	623
EBITDA	1.326	1.884	2.843	3.054	3.520
Vaxtapestja	3,24	2,09	3,80	3,63	5,65
Eiginfjárhlutfall	55,7%	43,7%	44,8%	49,5%	51,9%

## **6. AÐALFUNDUR RARIK ohf**

Bíldshöfða 9 Reykjavík 16. mars 2012 kl. 14:00

# **DAGSKRÁ**

samkvæmt samþykktum RARIK ohf.:

1. Setning og ávarp stjórnarformanns.
2. Skýrsla stjórnar félagsins.
3. Staðfesting efnahagsreiknings og rekstrarreiknings fyrir næstliðið rekstrarár.
4. Starfskjarastefna.
5. Tillaga um arðgreiðslur.
6. Kosning stjórnarmanna.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á næstliðnu starfsári.
9. Önnur mál.

